

Vegna: Máls nr. 0717/2025, Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi (Lýsing)

Athugasemd:

Takk fyrir erindið

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 2. mgr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna. Náttúruverndarstofnun telur að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til sé hvorki á náttúruverndarsvæðum né á svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Stofnunin áformar því að veita ekki umsögn varðandi tillöguna. Ef sveitarfélagið hefur athugasemd við afgreiðslu stofnunarinnar er hægt að koma því á framfæri með því að senda erindi á nattura@nattura.is (<mailto:nattura@nattura.is>)

Höfundur: Axel Benediktsson/axelb@ust.is

Sent inn þann: 02.06.2025 , **Fyrir hönd:** Náttúruverndarstofnun

Vegna: Máls nr. 0717/2025, Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuþvammssvegi að Rjúpnavegi (Lýsing)

Athugasemd:

Góðan dag,

Hjálögð er umsögn Veðurstofu Íslands.

Höfundur: Hlíf Sævarsdóttir/hlifsae@vedur.is

Sent inn þann: 12.06.2025 , **Fyrir hönd:** Veðurstofa Íslands

Kópavogsbær
Bt. Karlottu Helgadóttur

Dags. 12. júní 2025
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2025-0163

Með erindi dags. 29. maí sl. óskaði Kópavogsbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands um skipulagslýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir Arnarnesveg.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við skipulagslýsingu þessa.

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Vegna: Máls nr. 0717/2025, Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi (Lýsing)

Athugasemd:

Umsögn Veitna

Höfundur: Helga Rún Guðmundsdóttir/helgarg@veitur.is

Sent inn þann: 13.06.2025 , **Fyrir hönd:** Veitur



Umhverfissvið Kópavogsbæjar
Digranesi 1
200 Kópavogur

Reykjavík 13. júní 2025

Efni: Umsögn Veitna um tillögu að deiliskipulagi fyrir Arnarnesveg.
Mál 660/2025

Veitur hafa fengið til umsagnar tillögu að deiliskipulagi fyrir Arnarnesveg. Tillagan nær til tveggja svæða:

- 1,6 km kafla milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar
- 1,1 km kafla milli Fífuhammsvegar og Rjúpnavegar

Um er að ræða tvær aðskildar skipulagstillögur sem ná yfir veghelgunarsvæði, stíga og gatnamót aðliggjandi íbúðarsvæða. Gert er ráð fyrir breytingum á veginum sem ætlað er að auka umferðaröryggi, og í tengslum við það verður einnig farið yfir hljóðvarnir, stígatengingar og staðsetningu strætóstöðva.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi góðrar samvinnu á öllum stigum hönnunar og framkvæmda. Veitur eru með háspennulagnir sem liggja í jaðri veghelgunarsvæðisins og þvera Arnarnesveg á nokkrum stöðum. Veitur eru einnig með 700 mm flutningskerfi hitaveitu sem þverar Arnarnesveg nálægt Rúpnavegi.

Veitur óska eftir að tekið verði fullt tillit til lagna fyrirtækisins við áframhaldandi skipulags- og framkvæmdavinnu og að haft verði náið samráð við Veitur við undirbúning og útfærslu hönnunar.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Vegna: Máls nr. 0717/2025, Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuþvammssvegi að Rjúpnavegi (Lýsing)

Athugasemd:

Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands

Höfundur: Henný Helga Hafsteinsdóttir/henny@minjastofnun.is

Sent inn þann: 13.06.2025 , **Fyrir hönd:** Minjastofnun Íslands



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðasvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
henny@minjastofnun.is

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík 13. júní 2025
MÍ202505-0163/ 6.09 / 0875

**Efni: Arnarnesvegur milli Hafnafjarðarvegur og
Reykjanesbrautar og frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi**

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 30. maí sl. þar sem fram kom að Kópavogsbær óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Arnarnesveg milli Hafnafjarðarvegur og Reykjanesbrautar og frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi, mál nr. 0717/2025. Hægt var að hlaða niður greinargerð sem unnin var af Eflu fyrir Kópavogsbæ, Garðabæ og Vegagerðina, dagsett 19.03.2025. Hluti svæðisins er innan skipulagsmarka Garðabæjar og fjallar umsögn þessi um það svæði sem er inna skipulagsmarka Kópavogsbæjar. Engin hús eru innan skipulagssvæðisins.

Fyrir liggja skráningarskýrslur, *Fornleifaskrá Kópavogs – Endurskoðuð*, unnin af Fornleifafræðistofunni árið 2019 og *Arnarnesvegur í Kópavogi - mat á umhverfisáhrifum – Fornleifakönnun*, sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands árið 2002, skýrsla nr. FS172-02041.

- A) Arnarnesvegur frá Fífuhvammsvegi að Reykjanesbraut, veghelgunarsvæði innan sveitarfélagsmarka Kópavogs:
Engar fornleifar eru skráðar á þessu svæði og gerir Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við deiliskipulagslýsingu fyrir þetta svæði.
- B) Arnarnesvegur frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi:
Rétt austan við austan við gatnamót Arnarnesvegur og Rjúpnavegar er skráð landamerki Markasteinn (GK216:004) sem taka þarf tillit til við skipulagsvinnuna. Um er að ræða friðaða fornleif skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Óheimilt er að raska fornleifum án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis friðaðar fornleifar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Vegna: Máls nr. 0717/2025, Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuþvammssvegi að Rjúpnavegi (Lýsing)

Athugasemd:

Höfundur: Hörður Þorsteinsson/hordur@heilbrigðiseftirlit.is

Sent inn þann: 16.06.2025 , **Fyrir hönd:** Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Skipulag Kópavogs

<https://skipulagsgatt.is/issues/2025/717>

Kópavogur, 16. júní 2025

Tilvísun: K-20885

Efni: Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuhvamsvegi að Rjúpnavegi - skipulagslýsing

Lýsing á tillögunni:

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 29. apríl 2025 lýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir Arnarnesveg í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í undirbúningi er að gera deiliskipulög fyrir tvo vegkafla Arnarnesvegar. Annars vegar fyrir um 1,6 km kafla milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar innan Garðabæjar og Kópavogs (mál nr. 660/2025), og hins vegar fyrir um 1,1 km kafla frá Fífuhvamsvegi að Rjúpnavegi innan Kópavogs (mál nr. 717/2025).

Deiliskipulögin tvö munu ná yfir veghelgunarsvæðin, stíga og gatnamót að nálægum íbúðarsvæðum. Unnið er að veghönnun beggja vegkaflanna með breytingum sem eru til þess ætlaðar að auka umferðaröryggi og um leið eru hljóðvarnir, stígatengingar og staðsetningar strætóstöðva yfirfarnar. Bæði deiliskipulögin eru áfangar á þeirri vegferð að í gildi verði deiliskipulög fyrir Arnarnesveg innan Kópavogs og Garðabæjar.

Á vegkaflanum frá Fífuhvamsvegi að Rjúpnavegi er verið að endurhanna gatnamót til að auka umferðaröryggi og til að bæta umferðarflæði, en í dag er vegkaflinn tvíbreiður vegur með eina akrein í hvora átt með hringtorgi og tveimur T-gatnamótum. Til að ná því markmiði er til skoðunar að gera eftirfarandi breytingar:

Fækka skurðpunktum akandi umferðar á gatnamótum Arnarnesvegar við Sólarsali og breyta þeim þannig að einungis verði hægt að beygja til hægri af Arnarnesvegi inn á Sólarsali og keyra út af Sólarsölum til hægri. Breyta gatnamótum við Salaveg í hringtorg. Í dag eru þar T gatnamót sem anna illa framtíðar umferð þegar Arnarnesvegur verður tengdur við Breiðholtsbraut, sem nú er í framkvæmd. Þá er hringtorg í meiri samfellu við yfirbragð Arnarnesvegar alls.

Umsögn HEF

Í skipulagslýsingunni er gert ráð fyrir að skoða áhrif umferðar á hljóðvist en fram kemur að hávaði frá umferð hefur verið kortlagður fyrir viðmiðunarárið 2022. Í deiliskipulagi verður sýnd kortlagning hávaða fyrir deiliskipulagssvæðin út frá framtíðarumferð og gerð grein fyrir viðeigandi hljóðvörnum.

Fram kemur í skipulagslýsingunni að skoða eigi áhrif deiliskipulagsins á loftgæði. Í því sambandi má taka fram að Heilbrigðiseftirlitið rekur loftgæðastöð í Dalsmára og Hörðuvallaskóla.

Í skipulagslýsingunni er ekki tekið fram að fjallað verði um ofanvatn. Til greina gæti komið að leiða ofanvatn í olíuskilju þar sem hætta er á mengun viðkvæms viðtaka þar sem líklegt er að slys verði. Þar sem viðtaki við Arnarnesveg telst líklega ekki viðkvæmur er þó nærtækara að skoða hvort mögulegt sé eða æskilegt að hreinsa ofanvatn frá Arnarnesvegi í setlónum áður en því er veitt í viðtaka. Þá þarf að skoða í deiliskipulagi hvort ekki sé nauðsynlegt fyrir framkvæmdaraðila að leggja fram mat á áhrifum deiliskipulagsins á vatnshlot samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Í lýsingu fyrir kaflann frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbraut kemur fram að betur verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi vega, gatna, stíga, mana og almenningssamgöngum í deiliskipulagstillögu. Þar verður einnig umfjöllun um valkosti, sem voru til skoðunar fyrir útfærslu gatnamóta og áfangaskiptingu framkvæmda. Helsti farartálminn á leið gangandi og hjólandi er Reykjanesbrautin og þyrfti í deiliskipulagi að skoða hvaða lausnir eru mögulegar til að koma umferð gangandi og hjólandi samsíða Arnarnesvegi yfir Reykjanesbrautina. Þegar vegurinn verður núna tvöfaldaður gefst tækifæri til að huga að aðskilnaði gangandi og hjólandi vegfarenda á þessum kafla og að stígar verði uppfærðir miðað við núverandi hönnunarviðmið.

Í lýsingu fyrir kaflann frá Fífuhammsvegi að Rjúpnavegi kemur fram að stígar séu nú þegar samsíða Arnarnesvegi á þessum kafla og að betur verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi vega, gatna, stíga, mana og staðsetningu strætóstöðva í deiliskipulagstillögu. Þegar vegurinn verður núna tvöfaldaður gefst jafnframt tækifæri til að huga að aðskilnaði gangandi og hjólandi vegfarenda á þessum kafla og að stígar verði uppfærðir miðað við núverandi hönnunarviðmið.

Virðingarfyllt,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri

Vegna: Máls nr. 0717/2025, Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuþvammssvegi að Rjúpnavegi (Lýsing)

Athugasemd:

Höfundur: Þóra Jóhannesdóttir Kjarval/thora@betrisamgongur.is

Sent inn þann: 18.06.2025 , **Fyrir hönd:**



Auður Dagný Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar

Reykjavík, 18. júní 2025

Efni: Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi. Umsögn Betri samgangna.

Tilvísun: BES-KÓP-2025-02-13-MB-001

Betri samgöngur hafa fengið til umsagnar lýsingu fyrir deiliskipulag Arnarnesvegar, frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi. Lýsingin er kynnt skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lýsingin nær til tveggja deiliskipulagsáætlana fyrir Arnarnesveg, annars vegar vegkaflann milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar í Garðabæ en hins vegar vegkaflann frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi í Kópavogi. Ábendingar Betri samgangna snúa eingöngu að vegkaflanum í Kópavogi.

Betri samgöngur bera ábyrgð á undirbúningi þeirra verkefna sem skilgreind eru í Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins¹ sem skiptast í fjóra meginflokka:

- Göngu- og hjólastígar
- Borgarlínan
- Verkefni tengd umferðarstýringu, flæði og öryggi
- Stofnvegir

Í [Verksjá](#) Betri samgangna má finna upplýsingar um allar helstu framkvæmdir sem heyra undir Samgöngusáttmálann. Þar má m.a. sjá yfirlitskort, stöðu framkvæmda, umfang, áætluð verklok, myndefni og ýmsan annan fróðleik.

Umsögn Betri samgangna

Betri samgöngur hafa yfirfarið kynnt gögn og gera ekki athugasemdir við tillöguna á þessu stigi en benda á eftirfarandi.

Borgarlínan, leið A, mun aka eftir Arnarnesvegi með annarri bílaumferð. Samkvæmt lýsingu er gert ráð fyrir nýju hringtorgi við gatnamót Salavegar og Arnarnesvegar. Í borgarlínuverkefninu er almennt reynt að fjarlægja hringtorg þar sem sérakreinar Borgarlínunnar verða, til að auka þægindi farþega. Í þessu tilfelli mun Borgarlínan aka með annarri bílaumferð, í báðar áttir. Til að tryggja skilvirkni og áreiðanleika í rekstri Borgarlínu þarf að tryggja greiðan og hindrunarlausan aðgang borgarlínuvagna um gatnamót og þá sérstaklega hringtorg, þannig að hvorki skapist óþægindi fyrir farþega né hafi þau neikvæð áhrif á samfelldni og áreiðanleika þjónustunnar.

**Virðingarfyllt,
f.h. Betri samgangna ohf.**

Þóra Kjarval
Verkefnastjóri skipulagsmála

¹ Stjórnarráð Íslands: [Samgöngusáttmáli Höfuðborgarsvæðisins](#)

Vegna: Máls nr. 0717/2025, Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi (Lýsing)

Athugasemd:

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Höfundur: María Harðardóttir/Maria.Hardardottir@natt.is

Sent inn þann: 18.06.2025 , **Fyrir hönd:** Náttúrufræðistofnun

Vegna: Máls nr. 0717/2025, Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuþvammssvegi að Rjúpnavegi (Lýsing)

Athugasemd:

Meðfylgjandi er umsögn Landssamtaka hjólréiðamanna. www.LHM.is

Höfundur: Árni Davíðsson/arnid65@gmail.com

Sent inn þann: 18.06.2025 , **Fyrir hönd:**



Landssamtök hjólréiðamanna

Kópavogsbær
Digranesvegi 1, 200 K.

<https://skipulagsgatt.is/issues/2025/717>

Kópavogur, 18. júní 2025

Umsögn um: Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuhvamsvegi að Rjúpnavegi.

Landssamtök hjólréiðamanna (LHM) hafa skoðað lýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir Arnarnesveg.

Í undirbúningi er að gera deiliskipulög fyrir tvo vegkafla Arnarnesvegar. Annars vegar fyrir um 1,6 km kafla milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar innan Garðabæjar og Kópavogs (mál nr. 660/2025), og hins vegar fyrir um 1,1 km kafla frá Fífuhvamsvegi að Rjúpnavegi innan Kópavogs (mál nr. 717/2025).

Deiliskipulögin tvö munu ná yfir veghelgunarsvæðin, stíga og gatnamót að nálægum íbúðarsvæðum. Unnið er að veghönnun beggja vegkaflanna með breytingum sem eru til þess ætlaðar að auka umferðaröryggi og um leið eru hljóðvarnir, stígatengingar og staðsetningar strætóstöðva yfirfarnar.

Bæði deiliskipulögin eru áfangar á þeirri vegferð að í gildi verði deiliskipulög fyrir Arnarnesveg innan Kópavogs og Garðabæjar.

Á vegkaflanum frá Fífuhvamsvegi að Rjúpnavegi er verið að endurhanna gatnamót til að auka umferðaröryggi og til að bæta umferðarflæði, en í dag er vegkaflinn tvíbreiður vegur með eina akrein í hvora átt með hringtorgi og tveimur T-gatnamótum. Til að ná því markmiði er til skoðunar að gera eftirfarandi breytingar:

Sjónarmið LHM.

LHM fer fram á að tillit verði tekið til eftirfarandi sjónarmiða við gerð deiliskipulagstillögu Arnarnesvegar frá Fífuhvamsvegi að Rjúpnavegi og frá Reykjanesbraut að Hafnarfjarðarvegi.

Samtenging stíga meðfram Arnarnesvegi

Helsti farartálminn á leið gangandi og hjólandi meðfram Arnarnesvegi er Reykjanesbraut og þarf í deiliskipulaginu að sýna með hvaða hætti á að leysa umferð gangandi og hjólandi yfir hana.

Við tvöföldun Arnarnesvegur á kaflanum frá Fífuhvamsvegi að Rjúpnavegi og milli Hafnarfjarðarvegur og Reykjanesbrautar er eðlilegt að huga að aðskilnaði umferðar gangandi og hjólandi með aðskildum stígum á þessum köflum og þá líka að uppfæra núverandi stíga miðað við hönnunarviðmið fyrir hjólreiðar. Ennfremur ætti að uppfæra kaflann milli Fífuhvamsvegur og Reykjanesbrautar á sama hátt svo og brúna yfir Hafnarfjarðarveg.

Hönnun fyrir hjólreiðar.

Stígar fyrir hjólandi eiga að vera beinir, greiðir og öruggir og hafa hagstæða hæðarlegu ef það er unnt. Sérstaklega er mikilvægt að tryggja öruggar og greiðar þveranir yfir götur og stofnbrautir.

Við hönnun hjólastíga og stofnstíga sem ætlaðar eru sem hluti af hjólasamgöngum þarf að fara eftir „*HÖNNUNARLEIÐBEININGAR FYRIR HJÓLREIÐAR, Leiðbeiningar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðarinnar*“ (19.12.2019 eða nýrri útgáfu). Samtökin óska eftir að fá tækifæri á seinni stigum til að rýna og senda inn athugasemdir ef við á, t.d. við deiliskipulag og verkhönnun.

Gróður og skjólmyndun

Leggja þarf áherslu á gróður til skjólmyndunar. Við stíga ætti að gera ráð fyrir gróðri og trjám sem draga úr vindi og skapa skjól án þess að hindra stígsýn við gatna- og stígamót. Trjá og runnagróður á betur heima á helgunarsvæðum stofnbrauta en grasflatir í þessu skyni.

Tenging stíga

Greiðar og öruggar tengingar ættu að vera frá stígum meðfram Arnarnesvegi við aðra stíga á leiðinni.

Merking leiða

Gera þarf ráð fyrir merkingu göngu- og hjólastíga með leiðarmerkjum og gerum við ráð fyrir að gerð verði grein fyrir þeim í verkhönnun.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Landssamtaka hjólreiðamanna

Árni Davíðsson stjórnarmaður

Um Landssamtök hjólreiðamanna

Landssamtök hjólreiðamanna (LHM) eru hagsmunasamtök sem hafa að markmiði m.a. að efla hjólreiðar á Íslandi sem heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngumáta. Öll helstu hjólreiðafélög landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvári félagsmanna hinna ýmsu hjólreiðafélaga sem telja yfir 2000 manns heldur eru þau jafnframt málsvári allra sem hjóla á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólreiðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélag ECF er að finna í flest öllum löndum Evrópu. LHM hlaut samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar 2012 fyrir virka þátttöku og áhrif í að efla hjólreiðar á Íslandi.

Vegna: Máls nr. 0717/2025, Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuþvammssvegi að Rjúpnavegi (Lýsing)

Athugasemd:

Meðfylgjandi er umsögn Vegagerðarinnar

Höfundur: Cecilía Þórðardóttir/cecilia.thordardottir@vegagerdin.is

Sent inn þann: 18.06.2025 , **Fyrir hönd:** Vegagerðin - Höfuðborgarsvæði

Nýtt deiliskipulag - lýsing

Umsögn Vegagerðarinnar



Móttakandi:

Sveitarfélag: Kópavogsbær
Nafn: Karlotta Helgadóttir
Netfang: -

Nýtt deiliskipulag, lýsing:

Nafn skipulags: Arnarnesvegur – Deiliskipulag frá Fífuhammsvegi að Rjúpnavegi
Hönnuður: Efla Verkfræðistofa
Dags. gagna: 19.03.2025
Málsnúmer á skipulagsgátt: 717/2025

Síða 1/2

Vegagerðin hefur yfirfarið ofangreint efni með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar.

Vegir sem skipulagið hefur áhrif á:

Nafn vegar: Arnarnesvegur

Númer-kafli:	411-06
Vegflokkur:	Stofnvegur (S)
Vegtegund:	C8/C9
Breidd veghelgunarsvæðis *	30m
Lágmarksfjarlægð á milli vegamóta:**	300m fyrir $V_h < 90 \text{ km/klst}$ 400m-800m fyrir $V_h > 90 \text{ km/klst}$

*mælt til hvorrar handar frá miðlínu vegar.

**sjá Veghönnunarreglur.

Skipulagslýsing þessi hefur verið unnin í samstarfi við Vegagerðina sem mælir eindregið með áframhaldandi virku samráði á vinnslustigi skipulagstillögunnar en fer jafnframt fram á að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum. Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við tillöguna en bendir á eftirfarandi.

Hönnun á Arnarnesvegi **skal** uppfylla kröfur Veghönnunarreglna um slíka vegi varðandi uppbyggingu, útfærslu, fjarlægð á milli vegamóta og fl. Æskilegt er að fjarlægðir á milli tenginga séu málsettar á uppdrætti, það á einnig við um næstu tengingar utan skipulagsreits. Lágmarksfjarlægðir á milli tenginga má sjá í samantekt hér að framan. Vegagerðin fer fram á að fram komi á skipulagsuppdrætti, að öðrum verði heimilt að nýta tengingu að þjóðvegi komi til frekari uppbyggingar á svæðinu.

Vegagerðin
Suðurláun 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

SNI-2305-1

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Vegagerðin bendir á að lega stíga meðfram Arnarnesvegi og þveranir yfir veginn þurfi að hanna í nánú samstarfið við stofnunina og tryggja þarf öruggar og greiðar samgöngur fyrir virka ferðamáta samfara breytingum á Arnarnesvegi. Vegagerðin bendir á að tvöföldun Arnarnesvegs á þessum kafla er hvorki inn í áætlunum Samgöngusáttmálans né Samgönguáætlunar. Óvíst er því um fjármögnun og þá hvenær framkvæmdir geta hafist.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. **Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.** Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Cecilía Þórðardóttir
Verkefnastjóri á Höfuðborgarsvæði

Síða 2/2

Vegagerðin

Vegna: Máls nr. 0717/2025, Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuþvammssvegi að Rjúpnavegi (Lýsing)

Athugasemd:

Umsögn um val á legu hjólastíga á svæðum (A) og (B), sem og á svæðinu á milli (A) og (B) og tengingar við núverandi og komandi hjólastíga.

Höfundur: Erlendur Smári Þorsteinsson/esth@erlendur.com

Sent inn þann: 18.06.2025 , **Fyrir hönd:**

Arnarnesvegur - Deiliskipulag - Milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar

<https://skipulagsgatt.is/issues/2025/660>

og

Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi

<https://skipulagsgatt.is/issues/2025/717>

Athugasemdir vegna ofangreindra tveggja mála:

Vísað er til Arnarnesvegar milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar sem (A) en Arnarnesvegar milli Fífuhvammsvegar og Rjúpnavegar sem (B).

Um (A) stendur í skipulagslýsingu að „Verið er að yfirfara framtíðarlegu göngu- og hjólastíga, en engir stígar eru meðfram Arnarnesvegi á þessum vegkafla í dag“ en það er rétt að engir stígar eru meðfram þeim kafla í dag, hvorki göngu- eða hjólastígar.

Um (B) stendur að „Góðar aðskildar leiðir eru fyrir gangandi og hjólandi á þessum kafla Arnarnesvegar bæði norðan og sunnan vegar.“ Þetta kannast undirritaður alls ekki við.

Enginn hjólastígur er norðan Arnarnesvegar á þessum kafla. Norðan Arnarnesvegar er þokkalegur göngustígur (en enginn hjólastígur) en með þverunum yfir götur sem eru ekki í línu við stíginn að öðru leyti og þær þveranir eru hannaðar alfarið á forsendum bílstjóra. Á stígnum eru allskonar óþarfa hæðarbreytingar því hann fylgir ekki Arnarnesveginum í legu heldur öllu fremur byggðinni í Salahverfi.

Sunnan Arnarnesvegarins er aðskildir göngu- og hjólastígar. Þeir þjást þó af sama hæðarbreytingavandamálinu að þeir fylgja ekki Arnarnesveginum í legi heldur fylgja golfvellingnum. Til móts við Salaskóla endar hjólastígurinn í mjög erfiðri 180° beygju í brekku, fer í svo í undirgöng og tengist loks við hjólastíg sem er vestan Fífuhvammsvegar og fer í áttina að Smáralind.

Reyna þarf að laga þessi hæðarbreytingarvandamál og ankannalegar tengingar í þessari vinnu og auk þess skoða hvernig stígar á (A) og (B) munu tengjast núverandi og tilvonandi stígum.

Í heildarsamhengi hjólastíga þarna á svæðinu mætti teljast eðlilegra að hjólastígur meðfram Arnarnesvegi milli Reykjanesbrautar og Fífuhammsvegar (sem er ekki hluti af þessari lýsingu) væri norðan Arnarnesvegarins Kópavogsmegin. Færi þá meðfram Glaðheimasvæðinu, fyrir ofan Akralind, og svo meðfram Kópavogskirkjugarði; allt Kópavogsmegin. Eðlilegra gæti því verið að framtíðarlega góðs samgönguhjólastígs á (B) væri þá líka norðan Arnarnesvegarins en í legu vegarins til að forðast óþarfa hæðarbreytingingar. Sá stígur myndi tengjast við Garðabæ um undirgöng við Þorraholt, tengjast inn á núverandi hjólastíg samhliða Lindarvegi við Lindarveg, inn á núverandi hjólastíg meðfram Fífuhammsvegi við Kópavogskirkjugarð / Salaskóla, og inn á tilvonandi hjólastíg meðfram Arnarnesvegi (sem verið er að leggja) við Rjúpnasali.



Erlendur S. Þorsteinsson